



Rannsóknir á minjum vegna breikkunar á Suðurlandsvegi vestur af Lögbergi



Bjarni F. Einarsson
2022

Forsíðumyndin sýnir minjar sem fyrst voru skráðar voru sem tóftir sem hugsanlega tengdust fjárrekstri. Niðurstaðan er að um karftöflugarð var að ræða. (Stafrænar myndir nr. 8. Horft mót A. Ljósm. BFE).

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

Unnið fyrir Vegagerðina.

© Bjarni F. Einarsson
Febrúar 2022.



Mynd 1. Yfirlit yfir staðsetningu minjanna sem kannaðar voru. Sjá má hvar könnunarskurðir (dökkir reitir) voru grafnir í einstakar minjar. (Loftmynd: Loftmyndir. Viðbætur: Vegagerðin/Fornleifafræðistofan).

Inngangur

Að beiðni Vegagerðarinnar og að kröfu Minjastofnunar Íslands tók undirritaður að sér að grafa könnunarskurði í nokkrar minjar við Suðurlandsveg vegna breikkunar á honum.

Aðstoðarmaður við rannsóknirnar var Sigurjón Baldur Hafsteinsson mannfræðingur. Rannsóknin fór fram dagana 26.–28. janúar síðastliðinn. Veður var rysjótt, frost með fjúki á köflum auk þess sem birta var á stundum af skornum skammti, en það hafði ekki áhrif á niðurstöður. Notuð var lítil beltagrafa til að grafa könnunarskurðina og snið handhreinsuð.

Fulltrúi verkkaupa var Helga Jóna Jónasdóttir hjá Vegagerðinni.

Markmið rannsóknarinnar

Markmið rannsókna var að kanna mögulegan aldur minjanna og hlutverk og endurskrá þær samkvæmt stöðlum Minjastofnunar Íslands. Eins var rannsóknin liður í því hvort rannsaka þyrfti minjarnar frekar.

Staðhættir

Minjarnar eru í nokkuð mishæðóttu landi norðan þjóðvegur skammt vestur af Lögbergi og austur af Gunnarshólma í landi þar sem móar, holt, hraun og grasbalar í hvílfum skiptast á um yfirráðin. Víða má sjá hraunhóla og ása á svæðinu. Þarna var nokkur sumarbústaðabyggð á miðri síðustu öld og fram

eftir henni, en er nær öll horfin í dag og aðeins einstaka húsgrunnar og trjálundar eftir á afmörkuðum svæðum og heimreiðir.

Rannsóknin

Minjar nr. 86 (áður nr. GK:B13)

Minjunum er lýst svo í skráningar-skýrslu 2006.

Garðlag skjólgarður.

Í Lækjarbotnum, um 30 mestrum norðan við Þjóðveg, er að finna skjólgarð í líkingu við þá sem eru á túni Litlalands. Hlutverk gæti tengst garðrækt. Um 5 x 6 metrar að utanmáli. (Dagný Arnarsdóttir o.fl. 2006:18).

Að kröfu Minjastofnunar Íslands þurfti að skrá minjarnar á ný. Í fornleifaskrá Fornleifafræðistofnunar er minjunum lýst svohljóðandi:

Skjól.

Minjarnar eru um 6,5 x 7 m stórar, skeifulaga. Veggir úr mold, torfi og mól með einstaka grjóti að suðvestanverðu við kampinn. Breidd þeirra er um 1-2 m og hæðin allt að 0,8 m.

Í minjunum vex birki að suðvestanverðu. Upp við minjarnar að norðaustan eru stór grenitré sem skotið hafa rótum sínum yfir og inn í minjarnar. Minjarnar voru rannsakaðar í janúar 2022.

Skjólið var í jaðri ræktaðs lands, upp við litla brekku þar sem við tók holt. Að kröfu Minjastofnunar þurfti einnig að grafa könnunarskurð í minjarnar til að afla upplýsinga um hlutverk þeirra og aldur.

Grafinn var 1,1 m breiður og 2,5 m langur skurður sem lá í gegnum austur vegginn. Dýpt hans var 0,3 m að vestanverðu og 0,8 m að austanverðu. Mesta dýptin var 1,22 þar sem veggurinn var hæstur. Á 0.34, dýpi að austanverðu var svört gjóska sem gagnast ekki í þessu sambandi. Veggurinn hefur verið byggður ofan á þessari gjósku að hluta, en sjálf gjóskan virðist hafa fokið þarna í skafllöngu áður en veggurinn var byggður. Á 0,1 m dýpi í vestanverðum skurðinum var svart lífrænt lag sem túlkað er sem



Mynd 2. Skjólið fyrir rannsókn. (Stafr. myndir nr. 1. Horft mót N. Ljós. BFE).



Mynd 3. Sniðið í skjólinu. Sjá má svart gjóskulag hægra megin á myndinni og annað svart lífrænt til vinstri. (Stafr. myndir nr. 13. Horft mót N. Ljós. BFE).



Mynd 4. Gripirnir sem fundust í skjólinu. (Stafr. myndir nr. 12. Ljós. BFE).

gamalt yfirborð skjólsins. Þar undir var allt óhreyft. Í síðastnefnda laginu fundust timburleifar og súkkulaðibréf merkt Milka. Á einni spýttunni var rauðmáluð hespa úr járni og vel farnar skrúfur. Sýna þessir gripir að skjólið getur ekki verið mikið eldra en frá miðri síðustu öld. Gripunum var fargað.

Minjar nr. 87 (áður nr. GK:B14)

Minjunum er lýst svo í skráningar-
skýrslu 2006:

Tóftir.

Í Lækjarbotnum, um 5 og 10 metrum norðan við þjóðveg, er að finna tóftir mjög nálægt hvor annarri. Hugsanlega gætu þær tengst fjárrekstri. Um 7 x 9 metrar og 12 x 4 metrar að utarmáli. (Dagný Arnarsdóttir o.fl. 2006:19).

Þegar minjarnar tvær voru endurskráðar voru þær færðar undir tvö númer, 87 og 88. Lýsing á þeirri fyrri er svo:

Kartöflugarður.

5 x 15 m stór. Garðurinn markast af niðurgreftri, en ekki veggjum í kring. Sjá má móta fyrir beðum í öllum garðinum.

Garðurinn var ofan í grasi gróinni hvílt á milli tveggja klapparása. Í kartöflugarðinn var grafinn 0,76 m breiður og 3,14 m langur skurður langsum í garðinum. Dýpt hans var 0,72 m að sunnanverðu, 0,63 m að austanverðu og 0,86 m í miðjunni. Ekkert mannvistarlag fannst og óljósar vísbendingar um að beðin hafi ekki alltaf verið á sömu stöðum. Engir gripir fundust. Gjóskulög sáust í sniðinu, en þau koma ekki að gagni í þessu sambandi. Allt var óhreyft 0,12–0,15 sm undir yfirborði. Kartöflugarðurinn hefur vafalítið tilheyrt sumarbústað sem þarna stóð í nágrenninu.

Minjar nr. 88 (áður nr. GK:B14).

Minjunum er lýst svo í fornleifaskrá Fornleifafraeðistofunnar:

Kartöflugarður.

3,5 x 8,5 m stór. Garðurinn markast af niðurgrefti, en ekki veggjum í kring.

Sjá má móta fyrir beðum í austanverðum garðinum og þar vaxa runnar.



Mynd 5. Yfirlit yfir kálgarðinn (nr. 87. Stafr. myndir nr. 6. Horft mót SV. Ljós. BFE).



Mynd 6. Sniðið í kálgarðinn. (Stafr. myndir nr. 16. Horft mót V. Ljós. BFE).



Mynd 7. Yfirlit yfir kartöflugarð 88. (Stafr. myndir nr. 8. Horft mót A. Ljós. BFE).

Garðurinn var ofan í grasi gróinni hvílt á milli klapparhóla. Grafinn var 0,76 m breiður og 4,89 m stór skurður í garðinn. Dýpt hans var 0,99 að vestanverðu, 1,28 m í miðjunni og 0,99 m að austanverðu.

Ekkert mannvistarlag sást, engir gripir og allt var óhreyft undir grasrótinni.

Rúst nr. 89 (áður óskráð).

Rústinni er lýst svo í fornleifaskrá Fornleifafræðistofunnar:

Rúst.

2,5 x 3 m. Veggur úr grjóti (og mold?), um 1 m breiður og 0,1-0,3 m háir.

Norðurveggurinn er hamar.

Líklega er op eða dyr mót suðri, en það var ekki greinanlegt. Gólfíð er lagt rúmlega hnefastóru grjóti og yfir því var timburgrind. Brúni flöturinn á teikningunni sýnir profuskurð.

Rústin er á ræktuðu landi upp við lágan hamar. Í rústina var grafinn 0,85 m breiður og 3,30 m langur skurður út frá miðbiki rústarinnar til suðurs. Í vesturenda var skurðurinn 0,79 m djúpur, 0,92 m djúpur fyrir miðju og 0,76 m djúpur austast. Ekkert sást í sniðinu annað en grjótlögnin í gólfinu og líklega hleðslusteinn við suðurenda grjótlagnarinnar sem markað hefur fyrir suðurhliðinni. Þar undir var óhreyft og undir grasrótinni utan við rústin sömuleiðis. Engir gripir fundust heldur annað en spýtnabrakið sem lá ofan á gólfinu.

Rústin er fáeina metra í NNV frá kartöflugarði 88.

Minjar nr. 90 (áður GK:B16)

Minjunum er lýst svo í skráningar-skýrslu 2006:


Í Lækjarbotnum, norðan frá Þjóðvegi, er að finna tvo húsagrunna. Sá sem stendur neðar í brekkunni er steypdur en hlaðinn meðfram köntunum. Sá



Mynd 8. Sniðið í skurðinum í rúst 88. (Stafr. myndir nr. 19. Horft mót N. Ljós. BFE).



Mynd 9. Yfirlit yfir rústina undir hamrinum. (Stafr. myndir nr. 11. Horft mót S. Ljós. BFE).



Mynd 10. Snið í skurðinum í rústinni. Sjá má grjótið í gólfinu til vinstri og glitta í hleðslusteininum við grjótið á miðri mynd. (Stafr. myndir nr. 22. Horft mót A. Ljós. BFE).

sem stendur ofar er hlaðinn. Á milli þeirra liggur steipt stétt. Í brekkunni er að finna hvilftir sem gætu hafa verið skjólgarðar. (Dagný Arnarsdóttir o.fl. 2006:20).

Mótvægisáðgerðir eiga hér við hvilftirnar sem nefndar eru í lýsingunni, en aðrar minjar voru horfnar þegar staðurinn var skoðaður nú og aðeins ein hvilft geymdi manngerð mannvirki.

Í endurskráningu Fornleifafræðistofunnar segir svo í fornleifaskrá:

Kartöflugarður.

5 x 8 m. Mjókkar til norðvesturs. Garðurinn markast af niðurgrefti, en ekki veggjum í kring.

Í garðinum vestanverðum er runni.

Ekki sást móta fyrir beðum.

Ummerki um tvo steipta húsgrunna, sem tilgreindir eru í skýrslu frá 2006, sáust ekki við vettvagnsskoðun. Þeir eru komnir undir hauga. Ekki sáust fleiri hvilftir en þessi eina, en í fyrri skráningu er talað um hvilftir.

Minjarnar eru í grasi gróinni hvilft nálægt þar sem áður stóðu tveir húsgrunnar. Grafinn var 1,15 m breiður og 3,47 m langur skurður í garðinn. Var hann 1,35 m djúpur að austan, 2,38 m djúpur fyrir miðju og 1,28 m djúpur að vestanverðu. Ekkert mannvistarlag sást og allt undir grasrótinni var óhreyft.

Minjar nr. 91

Minjastofnun gerði kröfu um að minjar sem skráðar voru sem GK:B15 Vegur-heimreið skyldu skráðar. Var þeim lýst svo í skráningarskýrslu 2006:

Í Lækjarbotnum, norðan frá þjóðvegi, er að finna stuttan vegarspotta [svo] sem liggur upp að húsagrunnum. Hann virðist ekki hafa verið notaður í langan tíma og er grasi vaxinn innan girðingar. (Dagný Arnarsdóttir o.fl. 2006:19).

Mynd 13. Ljósmynd af vegaspottanum sem skráður var 2006 (Ljós. Dagný Arnarsdóttir).



Mynd 11. Yfirlit yfir minjar nr. 90 með könnunarskurði. (Stafr. myndir nr. 24. Horft mót V. Ljós. BFE. Til er betri ljósmynd í skráningarskýrslu 2006).



Mynd 12. Sniðið í skurðinum í rúst 90. (Stafr. myndir nr. 26. Horft mót N. Ljós. BFE).



Þessi vegur fannst ekki og staðsetning hans á loftmynd í áðurgreindri skýrslu er ónákvæm og líklega röng. Líklega hefur þessi vegur legið að húsgrunnunum tveim sem nefndir eru við minjar nr. 90 og því horfinn Hann er skráður strax á undan húsgrunnunum og miðað við fjallasýnina getur það staðist. Á þeim stað sem merktur er á loftmyndinni sáust engin merki um veg. Önnur heimreið var þó skráð og var það heimreið að bústað sem staðið hefur við skjólið, kartöflugarðana og kartöflukofann (minjar nr. 86–89). Henni er lýst svo í fornleifaskrá Fornleifafræðistofunnar:

Gata (heimreið).

Gatan liggur frá þjóðveginum til norðurs upp að meintum sumarbústaðagrunni. Hún er um 3 m á breidd og nokkuð gróin grasi.

Líklega er þetta ekki sama gata og skráð var sem fornleifar nr. GK:B15, en þær fundust ekki við vettvangsskoðun.

Gatan liggur frá þjóðveginum til norðurs yfir móa og ræktað land að líklegum sumarbústaðagrunni (sjá myndir í fornleifaskrá). Engra frekari mótvægisáðgerða er þörf.



Mynd 14. Gatna, minjar nr. 91. Skjólið er uppi til hægri við grenitrén og bústaður hefur líklega staðið vinstra megin við þau. (Stafr. myndir nr. 27. Horft mót N. Ljós. BFE).

Niðurstaða


Minjar þær sem rannsakaðar voru eru allar taldar of ungar til að njóta verndunar laga um menningarminjar sem kveða á um að öll mannvirki eldri en 100 ára skuli túlkast sem fornleifar skv. 3. grein laganna. (Lög um menningarminjar). Á svæðinu voru sumarbústaðir reistir um miðja síðustu öld báðum megin þjóðvegur. Einhver óvissa ríkti lengi um það í hvaða sveitarfélagi svæðið tilheyrði, en árið 2009 og 2017 var endanlega skorið úr um að svæðið tilheyrði Kópavogi (Aðalskipulag Kópavogs 2019–2040. 2021:14).

Á árdögum Kópavogs var skikum úthlutað til fólks þar sem það gat reist sér híbýli eða sumarbústaði og ræktað kartöflur og grænmeti sér til lífsviðurværis. (Adolf J. E. Pedersen 1990:15).

Minjar eins og skjólið (nr. 86) eru þekktar í landi Kópavogs og víðar, bæði við sumarbústaði og íbúðarhús og fæst þeirra skráð. Dæmi um slík mannvirki eru minjar nr. 53 í landi Digraness í Kópavogi. Þar er skjólið kallað birgi og er tvöfallt. Voru þau byggð um eða eftir 1930. (Bjarni F. Einarsson 2020).

Fyrstu ræktunartilraunir á kartöflum á Íslandi voru stundaðar af Gísla Magnússyni, kallaður Vísi Gísli, sýslumanni Rangárvallasýslu á 17. öld.¹

Ekki leiddi það þó til þess að landsmenn tækju upp þessa sýslu fyrr en tæpum 100 árum síðar, en þá aðeins hjá yfirstéttinni. Í byrjun 19. aldar komst mikil hreyfing á kartöfluræktunina og árið 1817 voru taldir 3.466 kartöflugarðar á Íslandi. (Vísindavefurinn). Fólk í þéttbýli ræktaði kartöflur á þar til skipulögðum svæðum til að drýgja tekjurnar og reikna má með því að á stríðsárunum hafi það orðið býsna algengt. Sumarbústaða-eigendur hafa ekki verið neindir eftirbátar í þeim efnunum.



Mynd 13. Skjól í landi Digraness skammt austur af Digraneskirkju. (Teikn. BFE).

Heimildir

Adolf J. E. Petersen. „Ræktað land og reist byggð.“ *Saga Kópavogs*. Frumbyggð og hreppsár 1935–1955. Safn til sögu byggðarlandsins. Ritst. Adolf J. E. Petersen. Lionsklúbbur Kópavogs. Kópavogur 1990. Bls. 7-36.

Aðalskipulag Kópavogs 2019–2040. Greinagerð ásamt rammahluta aðalskipulags og umhverfisskýrslu. Umhverfissvið Kópavogs. Kópavogi 2021.

(<https://www.kopavogur.is/static/files/Skiplag/Adalskipulag/adalskipulag-kopavogs-2019-2040-greinargerð-umhverfisskýrsla-vidaukar.pdf>).

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskrá Kópavogs, endurskoðuð*. Reykjavík 2020.

Dagný Arnarsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir. *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar breikkunar Suðurlandsveggar frá Hafravatni að Hveragerði*. Skriðuklaustursrannsóknir. Sérverkefni 2. 2. útg. Reykjavík 2006.

Lög um menningarminjar. Lög nr. 80 29. Júní 2012.

Vísindavefurinn. Hvar og hvenær var fyrsta kartaflan ræktuð á Íslandi?

(<https://www.visindavefur.is/svar.php?id=2216#>).

¹ Vísi Gísli stundaði þessa ræktun á jörð sinni Hlíðarenda í Fljótshlíð. Þar sem segir að skáli Gunnars á Hlíðarenda hafi staðið var grafin könnunarhola og í ljós kom að þar hefur verið ræktunarreitir, en ekki hús. Hvort það kunni að hafa verið kartöflugarður Vísa Gísla er ekkert hægt að segja til um.

Tæknilegar upplýsingar**Rannsóknarstaður:**

Fornleifar nr. 86–91 í Kópavogi, Gullbringusýslu.

Verkkaupi:

Vegagerðin.

Ábyrgðaraðili og stjórnandi:

Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofunni.

Leyfi fornleifanefndar:

24 janúar 2022.

Leyfisnúmer:

202201-0106.

Rannsóknarnúmer Þjóðminjasafns:

2022-3.

Starfsmenn:

Bjarni F. Einarsson, stjórnandi, fornleifafræðingur.

Sigurjón Baldur Hafsteinsson, mannfræðingur

Forvarsla:

Engin.

Rannsóknartími:

26. – 28. okt. 2022.

Megin niðurstaða:

Minjarnar reyndust vera frá miðri síðustu öld og voru þetta skjól, kartöflugarðar, gata og kartöflugeymsla.

Hnitakerfi/hæðarkerfi:

Ekkert.

Grafinn flötur:

Um 15 m³.

Geymsla gagna:



Gripum var fargað. Stafrænar ljósmyndir sendar á Þjóðminjasafn Íslands.


Skýrsla hjá:


Fornleifafræðistofunni, Minjastofnun Íslands o.fl.


Skrár:


1 Fundaskrá	Bls. 12
2 Stafrænar myndir	bls. 13
3 Fornleifaskrá	bls. 15


B1	B2	B3	Staður/gata	Sveitarfélag	Táknatala	Sýsla			
2022	03	1	Lækjarbotnar	Kópavogur		Gullbringusýsla			
Heiti			Finnandi	Fundardagur	Fjöldi	Brot	Aldur frá ár	Aldur til ár	Astand
Bjarni F. Einarsson			26.01.2022	2	J/N	1970	2000	Gott	
Hespa og súkkulaðibréf			Tegund	Efni	Nánari lýsing á efni	gl	Heilt?		
			-	Járn og plast			J & N		
<input type="checkbox"/> Lausafundur	Rými	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z	Teg. lags	Nr. lags	Teg. mannv.	Nr. mannv.	
		-	-	-	M-lag?	-	Skjól	86	
Heimildir/Athugasemdir					Ljósmyndir				
Á súkkulaðibréfinu stóð Milka. Hespan var máluð rauð. Gripunum var fargað.					 				
Skráningaraðili			Bjarni F. Einarsson			Skráning dagur			1.2.2022


<i>Staður</i>		202201	2022-3	Yfirlit yfir skjólið (nr. 86).	<i>Mynd</i> 
Lækjabotnar	26/01/2022				
<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>				
N	1				
<i>Ljósmyndari</i>					
Bjarni F. Einarsson					


<i>Staður</i>		202201	2022-3	Yfirlit yfir skjólið (nr. 86).	<i>Mynd</i> 
Lækjabotnar	26/01/2022				
<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>				
NNV	2				
<i>Ljósmyndari</i>					
Bjarni F. Einarsson					


<i>Staður</i>		202201	2022-3	Austurveggur skjólsins (nr. 86).	<i>Mynd</i> 
Lækjabotnar	26/01/2022				
<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>				
N	3				
<i>Ljósmyndari</i>					
Bjarni F. Einarsson					


<i>Staður</i>		202201	2022-3	Yfirlit yfir kálgarð (nr. 87).	<i>Mynd</i> 
Lækjabotnar	26/01/2022				
<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>				
S	4				
<i>Ljósmyndari</i>					
Bjarni F. Einarsson					


<i>Staður</i>		202201	2022-3	Yfirlit yfir kálgarð (nr. 87).	<i>Mynd</i> 
Lækjabotnar	26/01/2022				
<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>				
N	5				
<i>Ljósmyndari</i>					
Bjarni F. Einarsson					


<i>Staður</i>		202201	2022-3	Yfirlit yfir kálgarð (nr. 87).	<i>Mynd</i> 
Lækjabotnar	26/01/2022				
<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>				
SV	6				
<i>Ljósmyndari</i>					
Bjarni F. Einarsson					


<i>Staður</i>		202201	2022-3	Yfirlit yfir kálgarð (nr. 88).	<i>Mynd</i> 
Lækjabotnar	26/01/2022				
<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>				
V	7				
<i>Ljósmyndari</i>					
Bjarni F. Einarsson					


<i>Staður</i>		202201	2022-3	Yfirlit yfir kálgarð (nr. 88).	<i>Mynd</i> 
Lækjabotnar	26/01/2022				
<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>				
A	8				
<i>Ljósmyndari</i>					
Bjarni F. Einarsson					


<i>Staður</i>		202201	2022-3	Yfirlit yfir kálgarð (nr. 88). Sjá má það.	<i>Mynd</i> 
Lækjabotnar	26/01/2022				
<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>				
SSA	9				
<i>Ljósmyndari</i>					
Bjarni F. Einarsson					


<i>Staður</i>		202201	2022-3	Yfirlit yfir rúst (nr. 89).	<i>Mynd</i> 
Lækjabotnar	26/01/2022				
<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>				
N	10				
<i>Ljósmyndari</i>					
Bjarni F. Einarsson					


<i>Staður</i>		202201	2022-3	Yfirlit yfir rúst (nr. 89).	<i>Mynd</i> 
Lækjabotnar	26/01/2022				
<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>				
S	11				
<i>Ljósmyndari</i>					
Bjarni F. Einarsson					


<i>Staður</i>		202201	2022-3	Gripir sem fundust í skjóli (nr. 86). Lágu þeir í meintu m-lagi (gólfí).	<i>Mynd</i> 
Lækjabotnar	26/01/2022				
<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>				
N	12				
<i>Ljósmyndari</i>					
Bjarni F. Einarsson					


<i>Staður</i>		202201	2022-3	Snið í skurði í skjólið (nr. 86). Ekkert torf sást.	<i>Mynd</i> 
Lækjabotnar	26/01/2022				
<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>				
N	13				
<i>Ljósmyndari</i>					
Bjarni F. Einarsson					


<i>Staður</i>		202201	2022-3	Snið í skurði í skjólið (nr. 86). Ekkert torf sást. Tekin með flassi.	<i>Mynd</i> 
Lækjabotnar	26/01/2022				
<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>				
N	14				
<i>Ljósmyndari</i>					
Bjarni F. Einarsson					


<i>Staður</i>		202201	2022-3	Horft eftir skurði í skjól (nr. 86).	
Lækjabetnar	26/01/2022				
<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>				
A	15				
<i>Ljósmyndari</i>					
Bjarni F. Einarsson					


<i>Staður</i>		202201	2022-3	Sniðið í kartöflugarð (nr. 87). Óljós ummerki um beð (beð ofan í beð).	
Lækjabetnar	27/01/2022				
<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>				
V	16				
<i>Ljósmyndari</i>					
Bjarni F. Einarsson					


<i>Staður</i>		202201	2022-3	Skurður í kartöflugarð (nr. 87).	
Lækjabetnar	27/01/2022				
<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>				
N	17				
<i>Ljósmyndari</i>					
Bjarni F. Einarsson					


<i>Staður</i>		202201	2022-3	Snið í kartöflugarð (nr. 88).	
Lækjabetnar	27/01/2022				
<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>				
N	18				
<i>Ljósmyndari</i>					
Bjarni F. Einarsson					


<i>Staður</i>		202201	2022-3	Snið í kartöflugarð (nr. 88).	
Lækjabetnar	27/01/2022				
<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>				
N	19				
<i>Ljósmyndari</i>					
Bjarni F. Einarsson					


<i>Staður</i>		202201	2022-3	Snið í kartöflugarð (nr. 88).	
Lækjabetnar	27/01/2022				
<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>				
N	20				
<i>Ljósmyndari</i>					
Bjarni F. Einarsson					


<i>Staður</i>		202201	2022-3	Skurður í kartöflugarð (nr. 88).	
Lækjabetnar	27/01/2022				
<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>				
A	21				
<i>Ljósmyndari</i>					
Bjarni F. Einarsson					


<i>Staður</i>		202201	2022-3	Snið í rúst (nr. 89).	
Lækjabetnar	27/01/2022				
<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>				
A	22				
<i>Ljósmyndari</i>					
Bjarni F. Einarsson					


<i>Staður</i>		202201	2022-3	Skurður í rúst (nr. 89).	
Lækjabetnar	27/01/2022				
<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>				
N	23				
<i>Ljósmyndari</i>					
Bjarni F. Einarsson					

<i>Staður</i>		202201	2022-3	Skurður í kartöflugarð (nr. 90. Betri mynd í skýrslu 2006).	
Lækjabetnar	28/01/2022				
<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>				
V	24				
<i>Ljósmyndari</i>					
Bjarni F. Einarsson					

<i>Staður</i>		202201	2022-3	Skurður í kartöflugarð (nr. 90. Betri mynd í skýrslu 2006).	
Lækjabetnar	28/01/2022				
<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>				
N	25				
<i>Ljósmyndari</i>					
Bjarni F. Einarsson					

<i>Staður</i>		202201	2022-3	Sniðið í kartöflugarð (nr. 90).	
Lækjabetnar	28/01/2022				
<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>				
N	26				
<i>Ljósmyndari</i>					
Bjarni F. Einarsson					

<i>Staður</i>		202201	2022-3	Heimreiðin upp að sumarþústaðasvæði.	
Lækjabetnar	02/02/2022				
<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>				
N	27				
<i>Ljósmyndari</i>					
Bjarni F. Einarsson					

<i>Staður</i>		202201	2022-3	Heimreiðin frá sumarþústaðasvæði að þjóðveginum.	
Lækjabetnar	02/02/2022				
<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>				
S	28				
<i>Ljósmyndari</i>					
Bjarni F. Einarsson					

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur			86
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Lækjarbotnar				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekka
Bjarni F. Einarsson	27.1.2022	E 370112.5 N 400064.8	Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Skjól		Suð 22	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert	Lítill	Ágætt	1900-		Vegagerð	Lítill	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið	1	Lítið	1	Nei	Nei		

Lega og staðhættir

Við jaðar túns undir móa/holti.

Heimildir og munnmæli

Dagný Arnarsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir.
Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar breikkunar Suðurlandsveggar frá Hafravatni að Hveragerði. Skriðuklaustursrannsóknir. 2. útgáfa. Reykjavík 2006. 2.

Lýsing

Skjól.


Minjarnar eru um 6,5 x 7 m stórar, skeifulaga. Veggir úr mold, torfi og mól með einstaka grjóti að suðvestanverðu við kampinn. Breidd þeirra er um 1-2 m og hæðin allt að 0,8 m. Í minjunum vex birki að suðvestanverðu. Upp við minjarnar að norðaustan eru stór grenitré sem skotið hafa rótum sínum yfir og inn í minjarnar. Minjarnar voru rannsakaðar í janúar 2022.

Minjarnar voru áður skráðar undir númerinu GK:B13. Þar eru þær skilgreindar sem garðlag - skjólgarður. (Dagný Arnarsdóttir of. fl. 2006). Brúni flöturinn sýnir profuskurð.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari	Bjarni F. Einarsson
Filma nr./teg. myndar	Canon EOS 750D

Athugasemdir

Minjarnar eru mjög ungar og njóta ekki friðunarákvæða laga um fornleifar. Engra frekari mótvægisáðgerða er þörf.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur			87
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Lækjarbotnar				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	27.1.2022	E 370220.6 N 400080.0	Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Kartöflugarðiur		Suð 22	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert	Lítill	Ágætt	1900-		Vegagerð	Mikil	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið	1	Lítið	1	Nei	Nei		

Legg og staðhættir

Í grasi gróinni hvilft á milli klapparása.

Heimildir og munnmæli

Dagný Arnarsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir.
Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar breikkunar Suðurlandsveggar frá Hafravatni að Hveragerði. Skriðuklaustursrannsóknir. 2. útgáfa. Reykjavík 2006. 2.

Lýsing

Kartöflugarður.

5 x 15 m stór. Garðurinn markast af niðurgrefti, en ekki veggjum í kring.

Sjá má móta fyrir beðum í öllum garðinum.

Minjarnar voru áður skráðar undir númerinu GK:B14. Þar eru þær skilgreindar sem tóftir sem hugsanlega gætu tengst fjárrekstri (Dagný Arnarsdóttir of. fl. 2006).

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS 750D

Athugasemdir

Minjarnar eru mjög ungar og njóta ekki friðunarákvæða laga um fornleifar. Engra frekari mótvægisáðgerða er þörf.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Nív. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur			88
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Lækjarbotnar				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekka
Bjarni F. Einarsson	27.1.2022	E 370194.4 N 400102.0	Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Kartöflugarður		Suð 22	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert	Lítill	Ágætt	1900-		Vegagerð	Mikil	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið	1	Lítið	1	Nei	Nei		

Legg og staðhættir

Í grasi gróinni hvilft á milli klapparhóla.

Heimildir og munnmæli

Dagný Arnarsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir.
Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar breikkunar Suðurlandsveggar frá Hafravatni að Hveragerði. Skriðuklaustursrannsóknir. 2. útgáfa. Reykjavík 2006. 2.

Lýsing

Kartöflugarður.

3,5 x 8,5 m stór. Garðurinn markast af niðurgrefti, en ekki veggjum í kring. Sjá má móta fyrir beðum í austanverðum garðinum og þar vaxa runnar.

Minjarnar voru áður skráðar undir númerinu GK:B14. Þar eru þær skilgreindar sem tóftir sem hugsanlega gætu tengst fjárrekstri (Dagný Arnarsdóttir of. fl. 2006).

Teikning



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS 750D

Athugasemdir

Minjarnar eru mjög ungar og njóta ekki friðunarákvæða laga um fornleifar. Engra frekari mótvægisáðgerða er þörf.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur			89
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Lækjarbotnar				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	27.1.2022	E 370204.6 N 400107.3	Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Rúst	Kartöflugeymsla	Suð 22	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert	Lítill	Ágætt	1900-		Vegagerð	Mikil	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið	2	Lítið	2	Nei	Nei		

Legg og staðhættir

Í grasi gróinni hvilft upp undir klapparhól.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst.

2,5 x 3 m. Veggur úr grjóti (og mold?), um 1 m breiður og 0,1-0,3 m háir. Norðurveggurinn er hamar.

Líklega er op eða dyr mót suðri, en það var ekki greinanlegt.


Gólfíð er lagt rúmlega hnefastóru grjóti og yfir því var timburgrind.

Brúni flöturinn á teikningunni sýnir profuskurð.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS 750D

Athugasemdir

Minjarnar eru mjög ungar og njóta ekki friðunarákvæða laga um fornleifar. Engra frekari mótvægisáðgerða er þörf.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur			90
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Lækjarbotnar				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	27.1.2022	E 370333.7 N 400058.8	Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Kartöflugarður		Suð 22	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert	Lítill	Ágætt	1900-		Vegagerð	Mikil	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið	1	Lítið	1	Nei	Nei		

Lega og staðhættir

Í grasi gróinni hvílt við jaðar móa.

Heimildir og munnmæli

Dagný Arnarsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir.
Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar breikkunar Suðurlandsveggar frá Hafravatni að Hveragerði. Skriðuklaustursrannsóknir. 2. útgáfa. Reykjavík 2006. 2.

Lýsing

Kartöflugarður.

5 x 8 m. Mjókkar til norðvesturs. Garðurinn markast af niðurgrefti, en ekki veggjum í kring. Í garðinum vestanverðum er runni. Ekki sást móta fyrir beðum.

Ummerki um tvo steypa húsgrunna, sem tilgreindir eru í skýrslu frá 2006, sáust ekki við vettvagnsskoðun. Þeir eru komnir undir hauga. Ekki sáust fleiri hvíltir en þessi eina, en í fyrri skráningu er talað um hvíltir.

Minjarnar voru áður skráðar undir númerinu GK:B16. Þar eru þær skilgreindar sem hvíltir sem gætu hafa verið skjólgarðar. (Dagný Arnarsdóttir of. fl. 2006). Ekki fundust fleiri hvíltir sem voru manngerðar.

Teikning myndar



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS 750D

Athugasemdir

Minjarnar eru mjög ungar og njóta ekki friðunarákvæða laga um fornleifar. Engra frekari mótvægisaðgerða er þörf.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Nív. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur			91
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Lækjarbotnar				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	2.2.2022	E 370200.1 N 400156.7	Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Gata (heimreið)		Suð 22	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert	Lítill	Ágætt	1900-		Vegagerð	Mikil	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið	1	Lítið	1	Nei	Nei		

Lega og staðhættir

Frá þjóðveginum upp móa og ræktað land.

Heimildir og munnmæli

Dagný Arnarsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir.
Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar breikkunar Suðurlandsvegur frá Hafravatni að Hveragerði. Skriðuklaustursrannsóknir. 2. útgáfa. Reykjavík 2006. 2.

Lýsing

Gata (heimreið).

Gatan liggur frá þjóðveginum til norðurs upp að meintum sumarbústaðagrunni. Hún er um 3 m á breidd og nokkuð gróin grasi.

Líklega er þetta ekki sama gata og skráð var sem fornleifar nr. GK:B15, en þær fundust ekki við vettvangsskoðun.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS 750D

Athugasemdir

Minjarnar eru mjög ungar og njóta ekki friðunarákvæða laga um fornleifar. Engra frekari mótvægisáðgerða er þörf.